

Truenorth Nordic ehf.

Garðabær, 3. september 2025

202508-0063/Á.G.

10.02.01

Efni: Umsókn um leyfi til ljósmyndunar og kvikmyndatöku á við í Vatnajökulspjóðgarði, Dyrhólaey og við Hjálparfoss

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 20.8.2025, um leyfi til kvikmyndatöku við Jökulsárlón, Svínafellsjökul innan Vatnajökulspjóðgarðs, í Dyrhólaey og við Hjálparfoss

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#).

Skv 15. gr. b. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru. skv. 2. mgr. Þjóðgarðsverði er heimilt að loka tímabundið einstökum svæðum þjóðgarðsins ef það er nauðsynlegt vegna viðburða eða verkefna sem veitt hefur verið leyfi fyrir.

Jökulsárlón og Fellsfjara – Einungis er heimilt að fljúga dróna snemma morguns eða að kvöldi, nánar tiltekið fyrir kl. 09:00 eða eftir kl. 18:00.

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi vegna kvikmyndatöku með dróna í Dyrhólaey 9.9.2025, Jökulsárlóni og Svínafellsjökul 10.9.2025. Á Jökulsárlóni verður flogið allt að fimm sinnum út fyrir ísjakana eða um 100m út á lónið. Flughæðin yrði 50-100m og flugtíminn í kringum 5 mínútur. Heildartíminn við Jökulsárlón ætti ekki að fara yfir tvo tíma. Flogið verður út yfir drangana við Dyrhólaey í 50-100m hæð í fimm skipti og flugtíminn áætlaður í kringum fimm mínútur í senn. Við Svínafellsjökul verður flogið fimm sinnum í 50-100m hæð fimm mínútur í senn. Við Hjálparfoss, 12.9, verður líklega einungis stuðst við myndavél á þrífæti en ef dróni verður notaður þar líka verður það í 50-100m hæð í fimm skipti og flugtíminn áætlaður í kringum fimm mínútur í senn. Átta manns á vegum Truenorth á einum jeppa munu framkvæma myndatökurnar við Hjálparfoss. Ekki verður farið út fyrir stíga eða reiðleiðir við Hjálparfoss vegna myndatökunnar. Kort sem sýnir drónaflugin fylgdi umsókninni. Ekki er þörf á uppsetningu búnaðar.

Kort sem sýna staðsetningu verkefnanna fylgdu umsókninni.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun telur að verkefnið hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna. Ólíklegt sé að það hafi neikvæð áhrif á upplifun annara gesta á svæðunum ef skilyrðum leyfisins verði fylgt.

Niðurstöður:

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku á fyrrnefndum svæðum skv. ofangreindri verkefnalýsingu dagana 9. til 12. september 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanna Náttúruverndarstofnunar á svæðunum þegar verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.

- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá dróna hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsfólki frá Náttúruverndarstofnun.

Charlotte Brzeski

Aðstoðarþjóðgarðsvörður

Ármann Guðmundsson

Sérfræðingur